

kend, óákveðin. Stæði gagnvart kröfum trúar og skynsemi eins og Pétur í Höll Kaífasar. Margan langaði þó til að fara skör lengra, en andinn enn háður fornum fyrirmælum.

Ekki kvádst ræðumaður vilja láta taka biblíuna af altarinu. Á sama hátt mætti þá taka altarið úr kyrkjunni. Inblásturinn hefði aldrei verið bókstaflegur. Andi guðs byggi meðal manna í brotum sannleiks, hvert þau brot eru heldur biblíu, líkneski, mynd eða kvæði. Með því að gjöra fegurð kyrkna og guðsþjónustu sem mesta, yrði mönnum berari sannleikurinn um göfki trúarinnar.

Trúleysi enginn vottur um vitsmunalega fullkomnun. Sannleikur allur gamall. Menn þekkja hann í brotum. Einstökum mönnum gefið að setja brotin saman í réttar afstæður. Nýr sannleikur fundinn. Ekki nýr sannleikur heldur stærra brot. Þyngdarlögmálið og frampróunarlögmálið ekki nýr sannleikur. Newton og Darwin settu sannleiksbrotin mærgu saman í rétta afstöðu og opinberuðu mönnum stærri sannleika. Biblían sannar ekki hugsanafræðislega, að guð sé til. Það gjörir engin bók. Mörg sannleiks brot benda á tilveru eilífrar veru. Einhvern tíma kemur sá maður er safnað getur þeim brotum og sannað allri skynsemi manna að guð sé til. Eftir því er frjálshyndið að leita og að því er það að stefna.

Að loknum umræðum bauð Únitara söfnuðurinn þingmönnum og gestum þingsins til samsætis í fundarsal kyrkjunnar. Var því boði tekið en á undan fóru fram þingslit. Lesin fundarbók V. og VI. fundar og staðfest. Var þá stungið upp á að slíta þingi og uppástungan studd. Las skrifari kafla úr 19 og 23 Davíðs sálmi. Var þá sunginn sálmurinn 427 í Sálmabókinni.

Sagði forseti þá þingi slitið.

Gjörðabók staðfest 20. Apríl 1913.

Undirrituð:

S. B. BRYNJÓLFSSON,  
forseti.

RÖGNV. PÉTURSSON,  
skrifari

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar einn dollar um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitáriska Kyrkjufélagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUFREND:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri Guðm. Árnason Ó. Pétursson, ráðsmaður  
533 Agnes St. 45 Aikens Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til ritstjóraus, 533 Agnes St.  
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikens Bldg.

THE ANDERSON CO., PRINTERS